

# Brothættar byggðir

## Öll vötn til Dýrafjarðar



Niðurstöður rýnihópaviðtala sem tekin voru í desember 2021

25. janúar 2022

Helga Harðardóttir og Kristján P. Halldórsson  
sérfræðingar á Þróunarsviði Byggðastofnunar



BYGGÐASTOFNUN

## Brothættar byggðir – Öll vötn til Dýrafjarðar

Niðurstöður rýnihópaviðtala við íbúa Dýrafjarðar og verkefnisstjórn ÖvD sem haldin voru dagana 30. nóv., 1. des. og 9. des. 2021.

**Samantekt 25. janúar 2022, Helga Harðardóttir og Kristján Þ. Halldórsson sérfræðingar á Þróunarsviði Byggðastofnunar.**

**Viðfangsefni: Stöðumat á verkefni ÖvD og greining á sóknarfærum í des. 2021.**

**Um rýnihópaviðtöl, framkvæmd og tilgang:**

Alls voru fimm rýnihópaviðtöl tekin við fulltrúa íbúa í Dýrafirði, þ.m.t. viðtali við verkefnisstjórn ÖvD. Í hverjum rýnihópi voru fimm til níu þátttakendur en alls voru þeir 40. Fulltrúar íbúa mynduðu einn hóp og voru þeir valdir með kerfisbundnu líkindaúrtaki sem kallast slembiúrtak. Fulltrúar styrkhafa úr Frumkvæðissjóði ÖvD voru einn hópur og var valið í hópinn með sömu aðferð. Þriðji hópurinn samanstóð af nemendum á unglíngastigi í Grunnskólanum á Þingeyri. Síðustu tveir hóparnir voru annars vegar fulltrúar í stjórn íbúasamtakanna en hins vegar fulltrúar í verkefnisstjórn ÖvD. Viðtölin fóru fram á Þingeyri 10. nóv. og 1. des. og í fjarfundi 9. des. Samtals tíu spurningar lágu til grundvallar í hverju viðtali og má skoða þær í viðauka 1.

Þátttakendur fengu í hendur undirbúningsskjal þar sem framkvæmd rýnihópaviðtala og viðfangsefni var kynnt fyrir viðtalið, sjá viðauka 2. Tveir fulltrúar Byggðastofnunar önnuðust framkvæmd rýnihópaviðtalanna og úrvinnslu þeirra. Hvert rýnihópaviðtal tók að jafnaði um 1-1½ klst. Tilgangur rýnihópaviðtalanna var að tryggja að sýn og raddir íbúa komi skýrt fram um stöðu *Allra vatna til Dýrafjarðar* og þau sóknarfæri sem felast á viðbótarári verkefnisins en síðla hausts 2021 samþykkti stjórn Byggðastofnunar framlengingu á verkefninu til loka árs 2022.

**Hér verða dregnar saman helstu niðurstöður sem fram komu í rýnihópaviðtölum eftir hverri spurningu/viðfangsefni fyrir sig:**

### **1) Hvað í verkefninu ÖvD finnst þér/ykkur hafa tekist vel hingað til?**

**Almennt:**

Í rýnihópaviðtali við íbúa kom m.a. fram að íbúum finnst gott að hafa verkefnisstjóra og fá stuðning við að sækja um styrki í Frumkvæðissjóð ÖvD. Íbúafundir væru góðir og þar hafi komið fram ný og öðruvísi sjónarhorn á verkefni og orðræðan og samtal meðal íbúa um málefni byggðarlagsins væri með öðrum og betri hætti en áður. Mikill kraftur hafi verið í íbúapingi í upphafi en Covid hafi dregið orkuna úr fólkinu undanfarið.

Í rýnihópaviðtali við nemendur kom m.a. fram að Bambahúsið, gróðurhús, hafi verið styrkt af Frumkvæðissjóði ÖvD. Einnig kom fram að nemendur þekktu verkefni ÖvD vegna þess að þeir hafa sumir tekið þátt með einhverjum hætti í styrktum verkefnum s.s. með þátttöku á hestanámskeiði og sótt tónleika. Nemendur þekktu til og nefndu nokkur verkefni að auki sem hlotið hafa styrki úr Frumkvæðissjóði ÖvD.

Í rýnihópaviðtali við fulltrúa styrkhafa greindu þátttakendur frá verkefnum sínum, framvindu þeirra og upplifun í tengslum við umsóknir í Frumkvæðissjóð, aðstoð og ráðgjöf frá verkefnisstjóra og annað er

viðkemur framkvæmd verkefnanna. M.a. var ánægju lýst yfir með að hægt sé að fá styrki til gerðar viðskiptaáætlana svo að hægt sé að skoða grundvöll ákveðinna verkefna vel áður en til fjárfrekra framkvæmda kemur. Fram kom á fundinum sú skoðun að verkefnið hafi einskorðast svolítið við þorpið á Þingeyri en ekki Dýrafjörð allan. Þátttakendur voru sammála um að verkefnið hafi verið mjög þarft og ýtt undir sköpunarkraft hjá íbúum og hvatt fólk til verka. Einnig voru þátttakendur sammála um að mjög mikil ánægja ríkti með að einu ári hafi verið bætt við verkefnið. Hugmyndir komu fram um fyrirkomulag úthlutunar næsta árs úr Frumkvæðissjóði á þá leið að nýir styrkhafar verði í forgangi. Jafnframt komu fram mismunandi sjónarmið um úthlutun styrkja varðandi hvort horfa ætti til færri og stærri verkefna eða hafa úthlutunarferlið opið líkt og verið hefur og styrkir gætu dreifst á sem flesta.

Í rýnihópaviðtali við stjórn íbúasamtakanna kom fram að verkefnið hefði verið jákvæð innspýting í flóruna í byggðarlaginu undanfarin ár. Verkefnið miðaði strax í upphafi að því að allir íbúar gætu tekið þátt í verkefninu. Íbúapingið í upphafi heppnaðist mjög vel en þá voru öll málefni loksins sett saman í einn farveg. Verkefnið hefði heppnast vel ekki síst vegna framgöngu verkefnisstjóra og þeirrar staðreyndar að hann er búsettur á Þingeyri. Verkefnisstjóri hafi liðsinnt íbúum vel sem til hans leita og þess sjást merki að áhrifanna gæti út fyrir verkefnið sjálft. Fram kom að dæmi eru um að styrkhafar úr Frumkvæðissjóði hafi með aðstoð verkefnisstjóra sótt um styrki í stærri sjóði fyrir verkefni sín og það borið jákvæðan árangur. Þannig hefur verkefnið ÖvD hvatt íbúa til dáða og kjarkur þeirra aukist við að koma hugmyndum sínum á framfæri og í framkvæmd. Fram kom að hvetja þyrfti íbúa til að sækja um styrki til fjölbreyttra verkefna á viðbótarári verkefnisins. Áréttað var að tengsl verkefnisstjóra við stjórnarsýslu Ísafjarðarbæjar sé algjört grundvallaratriði til að stuðla að framgangi í byggðarlaginu en verkefnisstjóri fundar reglubundið með bæjarstjóra og bæjarritara. Óskað var eftir ákveðnari aðkomu Ísafjarðarbæjar að verkefninu á viðbótarári verkefnisins.

Í rýnihópaviðtali við verkefnisstjórn ÖvD kom m.a. fram að mörg verkefni sem hafa þegið styrk úr Frumkvæðissjóði hafa skilað árangri. Dæmi eru um að verkefnum hafi gjarnan verið fylgt eftir með því að sækja um styrki í stærri sjóði, það eru nýmæli eftir að verkefnið ÖvD hófst. Fram kom að auka þyrfti skilvirkni og samskipti á milli stjórnarsýslu Ísafjarðarbæjar og Dýrfirðinga. Skref hafi verið stigin í þá átt m.a. með reglubundnum fundum verkefnisstjóra ÖvD og bæjarstjóra og bæjarritara þar sem svigrúm gefst til samtals um brýnustu málefni byggðarlagsins. Fram kom að þátttaka í verkefninu hafi brotið upp umræðuna. Ekki væri verið að leysa úr vandamálum fortíðarinnar heldur hafi umræðan verið brotin upp og nú væri hugsað í lausnum til framtíðar. Engu að síður hverfist mörg starfsmarkið í verkefnisáætlun um stór verkefni sem ekki hefur verið á færi verkefnisins að leysa s.s. markmið um flugvöll, byggðakvótakerfi og fleira. Í gegnum verkefnið gefast þó tækifæri til umræðu um þessi stóru mál og möguleikar til að vekja athygli stjórnvalda á mikilvægi þeirra og koma sjónarmiðum íbúa á framfæri. Líkt og í öðrum rýnihópaviðtölum var undirstrikað mikilvægi starfs verkefnisstjóra í verkefninu og greitt aðgengi íbúa að hvers kyns ráðleggingum vegna frumkvæðisverkefna.

### **Styrkleikar**

- Gott að hafa verkefnisstjóra á staðnum og geta fengið stuðning frá honum m.a. varðandi styrki.
- Gagnlegir íbúafundir sem og íbúaping í upphafi.
- Samtal/orðræða um verkefnið og málefni byggðarlagsins með öðrum hætti meðal íbúa vegna tilkomu íbúafunda.
- Verkefnið Tankurinn hefur skapað stemningu í byggðarlaginu.
- Verkefnið ÖvD hefur ýtt undir nýsköpun og hvatt fólk til verka.
- Ný verkefni hafa orðið til fyrir tilstuðlan Frumkvæðissjóðs ÖvD.
- Verkefnið hefur verið jákvæð innspýting í flóruna í byggðarlaginu.

- Fullt af styrktum verkefnum hafa skilað góðum árangri, í kjölfarið hafa sum þeirra sótt um styrki í stærri sjóði.
- Frumkvæðissjóður ÖvD er stökkpallur fyrir fólk, gefur hugrekki til að prófa að fara af stað með hugmyndir.
- Athygli frá ríki í gegnum verkefnið ÖvD er einn stærsti ávinningurinn fyrir byggðarlagið.
- Verkefnið hefur brotið upp umræðuna, erum ekki föst í að leysa vandamál fortíðarinnar heldur er hugsað í lausnum til framtíðar.

### Sóknarfæri

- Mætti gera meira af því að merkja kennileiti, slíkt fær ferðamenn til að staldra við í byggðarlaginu.
- Gæta þess verkefnið snúist um byggðarlagið allt, Þingeyri og Dýrafjörð, og íbúar komi að verkefninu með virkum hætti.
- Stuðla þarf að meiri fjölbreytni í styrktum verkefnum á viðbótarári.
- Ákveðnari aðkoma Ísafjarðarbæjar að verkefninu á viðbótarári m.a. með skilvirkari og hraðari afgreiðslu mála s.s. skipulags-, lóða- og húsnæðismála og fl.
- Hvetja íbúa áfram til að sækja um styrki til frumkvæðisverkefna í stærri sjóði s.s. Uppbyggingarsjóð, Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða, Lóuna o.s.frv.
- Vekja athygli stjórnvalda á "stóru málunum" í byggðarlaginu.
- Virkja íbúa til samstarfs í stærri verkefnum. Leiða aðila saman í framfaraverkefni.

## 2) Hvað hefði betur mátt fara í verkefninu ÖvD fram til þessa?

### Almennt:

Líflegar umræður sköpuðust í öllum rýnihópaviðtölum um það sem hefði betur mátt fara í verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar fram að þessu. Helstu atriðin sem sett voru fram eru eftirfarandi:

### Það sem betur hefði mátt fara

- Ísafjarðarbær þarf að sýna betur í verki að þeim sé umhugað um byggðarlagið og koma sterkar inn í *Öll vötn til Dýrafjarðar*.
- Hefðu þurft að vera fleiri styrkt verkefni sem snúa beint að atvinnusköpun.
- Huga þarf betur að ungmendum og möguleikum þeirra til að stunda íþróttæfingar m.a. á Þingeyri.
- Skapa fleiri verkefni sem snúa að börnum og ungmendum.
- Fjármunir í Frumkvæðissjóði hefðu þurft að vera meiri svo stærri verkefni fái þá innspýtingu sem þörf er á í upphafi verkefna, s.s. fjármunir til gerðar viðskiptaáætlana og framkvæmdar verkefna í framhaldinu.
- Hraði afgreiðslu mála s.s. vegna skipulagsmála er allt of hægur og þyrfti að vera skilvirkari.
- Það þarf að kynna og auglýsa byggðarlagið betur, þar þurfa allir að taka höndum saman, íbúar, byggðarlagið og Ísafjarðarbær.
- Kynna hefði mátt verkefnið Öll vötn til Dýrafjarðar betur og safna öllum upplýsingum um verkefnið á aðgengilegan virkan stað. M.a. nefnt mikilvægi þess að kynna styrkt verkefni og framvindu þeirra vel.
- Þarf að gæta vel að væntingastjórnun og stilla væntingum í hóf varðandi burði verkefnisins til að koma að stóru málunum í samfélaginu sem þurfa ákveðið á aðkomu ríkisins að halda. Hér var vísað í ákveðin starfsmarkmið í verkefnisáætlun.

- Kynna betur málefni sem verkefnisstjóri/verkefnisstjórn ÖvD hafa á sinni könnu t.a.m. í "stóru málunum" svo íbúar fái yfirlit yfir að hvaða starfsmarkmiðum er verið að vinna að hverju sinni.
- Hefðum þurft fleiri verkfæri/aðferðir/ lausnir og meiri fjármuni inn í verkefnið.

### Sóknarfæri

- Hægt væri að leggja til leiðir við Ísafjarðarbæ til að bæta t.d. skólakerfið í þeim tilgangi að hafa áhrif á hvernig hægt væri að skapa farveg í skólanum til að taka á móti gestanemendum til lengri og skemmri tíma. Þetta væri liður í fjölgun íbúa í byggðarlaginu að taka vel á móti þeim sem vilja dvelja í byggðarlaginu til lengri og/eða skemmri tíma.
- Læra af og kynna öðrum verkefnum á Íslandi sem starfa undir merkjum *Brothættra byggða*.
- Setja af stað eitt til þrjú "gæluverkefni/samstarfsverkefni" þar sem verkefnisstjóri gengur í að fá fólk til samstarfs um ákveðna þætti.
- Breyta hugsunarhættinum með því að hugsa verkefnið meira heildrænt, sjá heildarmyndina betur.

### 3) Hvernig hefur þér/ýkkur gengið að fylgjast með framvindu og taka þátt í ÖvD fram til þessa og hafa áhrif á verkefnið?

#### Almennt:

Í rýnihópaviðtali við íbúa komu fram ýmsar hliðar á því hvort fólk hefði tekið þátt í verkefni ÖvD og þá með hvaða hætti. Dæmi var um að íbúar upplifðu að þeir hefðu enga aðkomu haft að verkefninu en einnig að íbúar hefðu átt virka aðkomu að verkefninu með fjölbreyttum hætti s.s. fengið styrki, sótt viðburði sem styrktir hafa verið úr Frumkvæðissjóði ÖvD og þ.h. Sumir íbúar höfðu nýtt sér ráðgjöf hjá verkefnisstjóra reglubundið og ræddu um að mjög gott væri að hafa greiðvikinn verkefnisstjóra sem staðsettur væri á Þingeyri. Í öðrum rýnihópaviðtölum kom m.a. fram að verkefnisstjóri væri mikil hjálparhella t.d. við umsóknarskrif og lokaskýrsluskrif og hafi leitt íbúa í gegnum ferlið. Jafnframt kom fram ákall um að styrkt verkefni yrðu kynnt mun betur bæði á meðal íbúa og út í samfélagið allt með fjölbreyttum hætti m.a. á samfélagsmiðlum. Þetta væri gert í þeim tilgangi að íbúar og aðrir velunnarar byggðarlagsins gætu fylgst betur með framvindu verkefnisins.

#### Styrkleikar

- Skiptir sköpum að geta sótt um styrki fyrir frumkvæðisverkefni.
- Umgjörð vegna styrkja, skila þarf inn samningi og lokaskýrslu og þannig er tryggt að aðeins verkefni sem standa sig fái styrkinn greiddan.
- Gott aðgengi að ráðgjöf hjá verkefnisstjóra.

#### Sóknarfæri

- Styrkja ætti verkefni sem eru til staðar áfram í byggðarlaginu umfram önnur verkefni.
- Nýta samfélagsmiðla betur til að auka sýnileika og kynna styrkt verkefni og framvindu verkefnisins. Jafnframt að gæta þess að ná til allra íbúa og nýta þá t.d. dreifibréf einnig í þeim tilgangi að ná til allra íbúa.
- Mætti greina betur hvaða verkefni Frumkvæðissjóður ætti að styrkja.
- Verkefnisstjórn ÖvD og stjórn Íbúasamtakanna gætu átt meira og öflugra samtal sín á milli um málefni byggðarlagsins.

#### 4) Hvað finnst þér um þá framtíðarsýn sem mótuð var í upphafi ÖvD?

##### Almennt:

Fram kom í rýnihópaviðtali við íbúa að húsnæðismálin og skortur á húsnæði væri helsta hindrunin í því að byggðarlagið geti talist fjölskylduvænt. Vitað er um fjölskyldur sem vilja flytja í byggðarlagið en geta það ekki sökum skorts á húsnæði. Íbúar töldu að margir hefðu áhuga á kaupum á nýju húsnæði sem og að leigja húsnæði á staðnum ef nýframkvæmdir færu af stað á húsnæðismarkaði.

Fulltrúar nemenda í rýnihópaviðtali tengdu við framtíðarsýnina á þann hátt að Þingeyri væri lítið og þægilegt þorp og hér væri gott að búa því minna væri um bull hér líkt og þekktist annars staðar. Dreginn var fram galli þess að staðurinn væri of lítill þar sem allir þekktu alla en í sömu andrá að það væri kostur. Nemendur sögðust vera mjög góðir í að nýta nýja tækni.

Í rýnihópaviðtali við styrkhafa komu fram þau sjónarmið að ekki væri búið að ná öllum markmiðum sem fram koma í framtíðarsýninni t.d. varðandi fjölbreytni í atvinnulífi. Engu að síður væri framtíðarsýnin ágæt og gott að stefna að þessari sýn.

Í rýnihópaviðtali við stjórn íbúasamtaka kom m.a. fram að með aukinni viðspyrnu gæti byggðarlagið elfst á ný. Ýmis tækifæri eru til sóknar og kynslóðaskipti að verða í ýmsum geirum. Hér er fullt að gerast og sköpunarkraftur í íbúum, en virkja þarf samtakamáttinn betur, að allir leggist á eitt um að hjálpast að Hins vegar þarf að sækja alla almenna þjónustu til Ísafjarðar.

Í rýnihópaviðtali við verkefnisstjórn kom m.a. fram að atvinnulíf þyrfti að vera fjölbreyttara til að uppfylla framtíðarsýnina en væri þó á góðri leið. Framtíðarsýnin 2028 standi hins vegar fyrir sínu og verið er að sá fræjum sem vonandi munu leiða til að markmiðum verði náð. Fram kom að hugmyndir um Þjóðgarð mætti e.t.v. flétta inn í framtíðarsýnina og uppfæra hana skv. þeim hugmyndum. Einnig mætti bæta við sýnina umræðu um möguleika fyrir ungt fólk og nýtingu tækni.

##### Styrkleikar

- Viðhorf hafa breyst vegna áhrifa Covid t.d. í sambandi við aukna möguleika á fjarvinnu.
- Snyrtilegt þorp, sköpunarkraftur í samfélaginu
- Aukin tenging við Ísafjarðarbæ í gegnum ötulán talsmann byggðarlagsins, verkefnisstjóra ÖvD.
- Vakinn athygli á góðri nettengingu/fjarskiptum á Þingeyri samanborið við aðra staði sem gæti liðkað til fyrir nýjum atvinnutækifærum.
- Framtíðarsýnin var vel sett fram í upphafi á íbúabýgingu.

##### Sóknarfæri

- Húsnæðismálin eru brýnasta viðfangsefnið til að byggðarlagið geti talist fjölskylduvænt.
- Nýta atvinnutækifæri sem fylgja auknum möguleikum á fjarvinnu.
- Vinna í gangi hjá Ísafjarðarbæ varðandi skilvirkari stjórnslu, heimastjórnir.
- Nýta góða nettengingar/fjarskipti til atvinnusköpunar.
- Nýta hugmyndir um Þjóðgarð þar sem Þingeyri og Dýrafjörður væri „hjarta“ Vestfjarða og *fyrirmyndar útvörður Ísafjarðarbæjar* líkt og kveðið er á um í meginmarkmiðum ÖvD.
- Það þarf að örva einstaklinga betur til framkvæmda, slíkt leiðir svo af sér samstarf á milli aðila og samtakamátt íbúa til að fleyta málefnum byggðarlagsins áfram.

#### 5) Hvernig finnst þér/ykkur hafa tekist til við að ná fram meginmarkmiðum ÖvD?

##### Almennt:

Í rýnihópaviðtölum kom m.a. fram að hér væru sannarlega fjölbreyttir möguleikar til útvistar. Hins vegar þyrfti að skoða betur möguleika fyrir börn til hreyfingar. Í því samhengi kom m.a. fram að mikill tími og fjármagn fari í ferðalög á milli Þingeyrar og Ísafjarðar með börn sem sækja íþróttæfingar. Þrátt fyrir góða íþróttaaðstöðu á Þingeyri væri lítil vilji til þess að hluti af íþróttæfingum færu fram á Þingeyri. Þetta þyrfti samt að virka í báðar áttir í sameinuðu sveitarfélagi. Þingeyri er orðin miðjan á Vestfjörðum eftir opnun nýrra ganga og það þarf að fara að vinna með þá staðreynd.

Fram kom á rýnihópafundi með fulltrúum verkefnisstjórnar að auðveldara væri nú en áður að vekja athygli á málefnum byggðarlagsins og verkefnisstjóri fundar reglubundið með bæjarstjóra og bæjarritara Ísafjarðarbæjar. Rætt um nauðsyn þess að úrræðum ríkisins sé í beitt í samstarfi og í takti við verkefnið ÖvD. T.d. má nefna aflamark Byggðastofnunar og byggðaþróunarverkefnið Brothættar byggðir.

### Styrkleikar

- Kyrrt og fjölskylduvænt samfélag.
- Verkefnið ÖvD hefur sáð fræjum í átt að meginmarkmiðum.
- ÖvD hefur styrkt verkefni sem ætlað er að koma Dýrafirði á kortið sem útivistarparadís fyrir heimamenn og gesti.
- Öruggur staður til að búa á.

### Sóknarfæri

- Hvetja þarf ungt fólk til að setjast að í byggðarlaginu. Einnig fólk sem er skapandi og tilbúið til að leggja af mörkum í samfélaginu.
- Vinna með kostina sem til staðar eru í byggðarlaginu til að efla samfélagið og um leið að byggja á sérstöðu þess
- Finna þarf ásættanlegar lausnir vegna íþróttæfinga barna og ungmenna. Tryggja þarf jöfn tækifæri til iðkunar íþróttar.
- Kynna þarf betur útivistarmöguleika sem til staðar eru í byggðarlaginu.
- Sóknarfæri fyrir Ísafjarðarbæ að taka meiri ábyrgð á þátttöku í ÖvD á viðbótarári verkefnisins.

**6) Hversu miklu máli finnst þér/ykkur styrkir úr Frumkvæðissjóði ÖvD skipta í þeim tilgangi að efla byggðarlagið? Hvað finnst þér/ykkur um úthlutun til frumkvæðisverkefna til þessa?**

### Almennt:

Í öllum rýnihópaviðtölunum kom skýrt fram að styrkir úr Frumkvæðissjóði skiptu mjög miklu máli til að hvetja íbúa til frumkvæðisverkefna. Jafnframt skipti það lykilmáli að hafa aðgang að ráðgjöf og aðstoð hjá verkefnisstjóra við að komast af stað í verkefnin. Fram kom einnig að opnast hafa góðir möguleikar til umsóknar styrkja í aðra og stærri sjóði. Ennfremur spruttu fram umræður um fyrirkomulag styrkveitinga, hvort heppilegt væri að styrkja stærri en færri verkefni eða reyna að styrkja eins mörg verkefni og hægt væri með minna fjárframlagi.

### Styrkleikar

- Aðgengi að ráðgjöf og aðstoð hjá verkefnisstjóra.
- Varmadælustyrkirnir frá Orkustofnun góð viðbót og gera mikið gagn fyrir byggðarlagið.
- Íbúar hafa öðlast kjark til að sækja um styrki fyrir alls konar frumkvæðisverkefni og fylgja þeim eftir.

- Styrkirnir efla byggðarlagið mjög mikið og hafa jákvæð áhrif út í samfélagið.
- Aukahvatning til góðra verkefna kom í gegn um fjárfestingaráttak stjórnvalda v. Covid á árinu 2020.

### Sóknarfæri

- Eftir að verkefni lýkur í lok árs 2022, þarf að tryggja utanumhald verkefnis á staðnum, þ.e. að áfram verði starfandi verkefnisstjóri sem hafi því hlutverki að gegna að stuðla að eflingu byggðarlagsins og vinna að markmiðum ÖvD.
- Nemendur væru tilbúnir til að taka þátt í að vinna að styrktum verkefnum. T.d. kom fram hugmynd um að sækja um styrk til að hægt verði að bjóða upp á fjálsan íþróttatíma í íþróttahúsi á Þingeyri.
- Fræða íbúa byggðarlagsins um nýsköpun og hvernig hægt er að setja verkefni í framkvæmd.

## 7) Hvernig finnst þér/ykkur hafa tekist til við samráð verkefnisstjórnar og verkefnisstjóra við íbúa?

### Almennt:

Í rýnihópaviðtölunum kom fram að íbúar hafa leitað mikið til verkefnisstjóra eftir ráðgjöf og aðstoð og að verkefnisstjóri sé mjög sýnilegur í samfélaginu og veiti öllum sanngjörn tækifæri. Nemendur unglingastígs í grunnskólanum höfðu þó ekki hitt verkefnisstjóra sérstaklega en höfðu áhuga á að fá hann í heimsókn í skólann til að fá samtal um verkefnið ÖvD og mögulega aðkomu nemenda að verkefninu. Í rýnihópaviðtali við fulltrúa styrkþega kom m.a. fram að íbúabíngið í upphafi hafi verið mjög vel heppnað og fólk hafi almennt mætt á íbúafundi. Á litlum stað sé auðveldara að fylgjast með framvindu verkefnisins. Hins vegar hafa samkomutakmarkanir vegna Covid19 sett mark sitt á verkefnið og dregið úr virkum samskiptum og haft áhrif á íbúafundi svo dæmi séu tekin.

### Styrkleikar

- Verkefnisstjóri ÖvD og formaður íbúasamtaka hafa reglubundinn vettvang til samráðs við stjórnarsýslu Ísafjarðarbæjar um erindi Dýrfirðinga.
- Verkefnisstjóri sýnilegur og aðgengilegur fyrir íbúa.
- Íbúabíng og íbúafundir nokkuð vel sóttir.

### Sóknarfæri

- Ef heimastjórnir verða að veruleika þyrfti að gæta þess að fulltrúar í heimastjórn geti haft beint samband við stjórnarsýslu Ísafjarðarbæjar.
- Finna nýjar leiðir til að auka þátttöku og virkni íbúa í ÖvD.
- Skuldbinda þátttöku Ísafjarðarbæjar betur í verkefnið, t.d. með ákv. mótframlagi.

## 8) Hvaða leiðir er hægt að fara til að virkja fleiri íbúa til þátttöku í verkefninu ÖvD?

### Almennt:

Í rýnihópaviðtali við íbúa kom fram að snjallt væri að reyna að sameinast um stór verkefni sem margir aðilar gætu unnið að í sameiningu í þeim tilgangi að virkja fleiri íbúa til þátttöku og stuðla um leið að vexti byggðarlagsins. Verkefnið þyrfti einnig að vera sýnilegra í samfélaginu og með því mætti e.t.v. ná virkni fleiri íbúa til þátttöku. Fram kom í rýnihópaviðtali við styrkhafa að ekki hafi allir áhuga á að taka þátt í verkefni líkt og ÖvD t.d. með því að sækja um styrki til frumkvæðisverkefna. Þar kom einnig fram að hvetja þyrfti til meira samstarfs um frumkvæðisverkefni og kynna þyrfti þjónustu sem til staðar er



í byggðarlaginu betur. Einnig kom það sjónarmið fram að stundum væri betra að færri íbúar tækju þátt og verkefnið yrði þá áhrifaríkara en um leið þurfi að gæta þess að fólk eigi og hafi jöfn tækifæri til þátttöku. Hvatning til verka þarf að koma frá fólkinu sjálfu, byggja á innri áhugahvöt. Líta þyrfti á byggðarlagið og innviði þess sem eina heild. Í rýnihópaviðtali hjá stjórn íbúasamtakanna kom m.a. fram að finna þyrfti leiðir til að efla samstöðu meðal íbúa með hvatningu til góðra verka.

### Styrkleikar

- Tækifæri til frumkvæðisverkefna skapast m.a. þegar fólk nær að hittast og eiga samtal um málefni byggðarlagsins.
- Allir íbúar Dýrafjarðar hafa möguleika og gott aðgengi að því að sækja um styrki í sjóði til frumkvæðisverkefna.

### Sóknarfæri

- Kynna verkefnið betur meðal íbúa með fjölbreyttum leiðum.
- Reyna að hvetja íbúa til samstarfs í stærri frumkvæðisverkefnum þar sem nokkrir aðilar vinna að í sameiningu.
- Fá verkefnisstjóra til fundar um ÖvD með nemendum í grunnskólanum.
- Leggjum áherslu á að laða kvikmyndargerðarfólk til staðarins.
- Verkefnið Sólsetrið, athuga hvort hægt er að finna því farveg. Það gæti verið til þess fallið að laða ferðamenn að til staðarins.
- Senda inn umsóknir í fjölbreytta sjóði til frumkvæðisverkefna.
- Finna leiðir til að samnýta verkefni og finna leiðir aukinnar samlegðar vegna áhrifa þeirra.
- Koma á samstarfi á milli þjónustuaðila, samstilla og samhæfa t.d. opnunartíma og þ.h. til að laða að fleiri ferðamenn og auka nýtingu íbúa á þeirri þjónustu sem í boði er.
- Safna öllum upplýsingum á einn stað og setja fram með aðgengilegum hætti. Þetta gæti verið efni í stórt samstarfsverkefni. Hér mætti líta til sams konar verkefnis á Flateyri til að læra af.
- Þjónustuaðilar t.d. í ferðaþjónustu vinni saman og bendi á hvorn annan varðandi framboð á þjónustu.
- Fræða börn og ungmenni um skapandi hugsun og nýsköpun og frumkvöðlastarf.
- Endurverkja Dýrafjarðardaga með breiðri þátttöku og samstarfi íbúa.

### 9) Hvar liggja sóknarfæri til umbóta í ÖvD á viðbótarári verkefnisins?

#### Almennt:

Í rýnihópaviðtölum kom m.a. fram að innviðir/þjónusta sé löngu sprungin þegar litið er til ferðamannastraums til Þingeyrar yfir sumartímann. Ferðamannatíminn sé ennfremur alltaf að lengjast. Því þyrfti að huga betur að auknu framboði á þjónustu. Hugmynd kom fram hjá fulltrúum stykhafa að t.d. Blábankinn gæti mögulega tekið að sér að leiða vinnu að markaðsátaki vegna Dýrafjarðar. Slíkt verkefni gæti haft góða tengingu við *Öll vötn til Dýrafjarðar*.

#### Sóknarfæri

- Kynna verkefnið Öll vötn til Dýrafjarðar betur.
- Auglýsa Þingeyri betur og þá afþreyingarmöguleika sem í boði eru. Fara í markaðsherferð með samstilltu átaki heimamanna og fá einhvern einn aðila til að leiða það verkefni.
- Endurverkja Dýrafjarðardaga.
- Nemendur vilja gjarnan að farið verði í það verkefni að búa til skautasvell.

- Finna leiðir til að unga fólkið snúi aftur heim og finnist ákjósanlegt að búa í byggðarlaginu.
- Fjölgun atvinnutækifæra í öllum greinum.
- Hefja markvissara samtal á milli íbúa og Byggðastofnunar um nýtingu sértæks aflamarks í fiskvinnslu á svæðinu.
- Byggja markaðssókn Dýrafjarðar á Lonely Planet viðurkenningunni.
- Sóknarfæri fólgin í því að koma málefnum Dýrfirðinga og verkefnisáætlun ÖvD til umræðu í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga 2022.
- Möguleg sóknarfæri með hugsanlegri tilkomu heimastjórna, gæti orðið gott start í áframhaldandi eflingu byggðarlagsins.
- Endurreisn starfsemi Blábankans.

## 10) Er eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri varðandi ÖvD?

### Almennt:

Í lok hvers rýnihópaviðtals voru þátttakendur spurðir um hvort þeir vildu koma einhverjum fleiri málefnum um ÖvD á framfæri. Fjölmörg atriði voru tínd til. Meðal annars var rætt um laxeldi í firðinum og hversu lítið fjármagn verður eftir í byggðarlaginu. Meðal annars koma lítil sem engin hafnargjöld í hlut Þingeyrar þar sem hafnar-/aflagjöld eru greidd annars staðar. Um leið var rætt um hversu gríðarmikil tækifæri eru fólgin í fiskeldinu í Dýrafirði. Einnig var rætt um í hversu þröngri stöðu Ísafjarðarbær er þegar lítið er til fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og hvaða áhrif sú staðar hefur á sveitarfélagið allt. Einnig kom fram að leita þyrfti að heitu vatni í Dýrafirði og á það bent að fátt myndi breyta meiru um lífsgæði fólks á svæðinu en ef að það fyndist. Langt er síðan að borað var og leitað eftir heitu vatni og í dag hefur tæknin gjörbreyst sem gefur mikla möguleika til sóknar. Slíkt verkefni þyrfti að fara af stað með samstilltu átaki ríkis og sveitarfélags. Jafnframt þarf að tryggja nægilegt lóðaframboð fyrir byggingu íbúarhúsnæðis og húsnæðis til atvinnurekstrar.

### Sóknarfæri

- Hægt væri að nýta kynningarsíðu fjóðungsins þ.e. *Visit Westfjords* og nýta tengiliðina þar til aðstoðar (Skúli Gautason, menningarfulltrúi hjá Vestfjarðastofu).
- Það þarf að setja fjármuni í að leita eftir heitu vatni í Dýrafirði.
- Tryggja þarf framboð á lóðum bæði fyrir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði.
- Jafnræði þarf að ríkja varðandi gatnagerðargjöld í sveitarfélaginu.
- Greina stöðu byggðalagsins m.t.t. fjölda starfa og starfssviða. Út frá því væri hægt að greina styrkleika og veikleika byggðarlagsins og vinna að framgangi í málefnum byggðarlagsins með öðrum hætti.
- Hvetja ungt fólk til reksturs fyrirtækja, auka fjölbreytni atvinnutækifæra.
- Komast í samskipti við og læra af öðrum byggðarlögum sem eru þátttakendur í byggðapróunarverkefninu *Brothættar byggðir*.

## Viðauki 1, spurningar í rýnihópaviðtali

1. Hvað í verkefninu ÖvD finnst þér hafa tekist vel hingað til?
2. Hvað hefði betur mátt fara í verkefninu ÖvD fram til þessa?
3. Hvernig hefur þér/ykkur gengið að fylgjast með framvindu og taka þátt í ÖvD fram til þessa og hafa áhrif á verkefnið?
4. Hvað finnst þér um þá framtíðarsýn sem mótuð var í upphafi ÖvD?
5. Hvernig finnst þér/ykkur hafa tekist til við að ná fram meginmarkmiðum ÖvD?
6. Hversu miklu máli finnst þér/ykkur styrkir úr Frumkvæðissjóði ÖvD skipta í þeim tilgangi að efla byggðarlagið? Hvað finnst þér/ykkur um úthlutun til frumkvæðisverkefna til þessa?
7. Hvernig finnst þér/ykkur hafa tekist til við samráð verkefnisstjórnar og verkefnisstjóra við íbúa?
8. Hvaða leiðir er hægt að fara til að virkja fleiri íbúa til þátttöku í verkefninu ÖvD?
9. Hvar liggja sóknarfæri til umbóta í ÖvD á viðbótarári verkefnisins?
10. Er eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri varðandi ÖvD?

(ATH! öllum spurningum fylgt eftir með spurningu: *Getur þú nefnt dæmi um það?*)

## Öll vötn til Dýrafjarðar - Til þátttakenda í rýnihópaviðtölum í byrjun desember 2021.

Kæri þátttakandi í rýnihópaviðtali í verkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar!

Unnið hefur verið að byggðapróunarverkefninu Öll vötn til Dýrafjarðar frá árinu 2018. Á liðnu hausti barst Byggðastofnun beiðni frá Ísafjarðarbæ um framlengingu á verkefninu út árið 2022 og hefur stjórn Byggðastofnunar samþykkt þær óskir. Við þessi tímamót hefur verkefnisstjórn ákveðið að meta stöðu verkefnisins og leitast við að greina leiðir til sóknar þannig að nýta megi viðbótarárið sem allra best í þágu samfélagsins við Dýrafjörð. Ein leið til gagnaöflunar í slíku mati/greiningu eru svokölluð rýnihópaviðtöl en tilgangur þeirra er að tryggja að sýn hagsmunaaðila sem koma að verkefninu komi skýrt fram í niðurstöðum.

Af þessu tilefni leitar verkefnisstjórn til þín og telur framlag hvers og eins þátttakanda í rýnihópi mjög mikilvægt. Óskað er eftir því að þú kynsir þér framtíðarsýn verkefnis og meginmarkmið áður en til rýnihópaviðtals kemur, sjá skjáskot hér neðar. Viljir þú kynna þér verkefnið enn betur þá má skoða verkefnisáætlun ÖvD á heimasíðu Byggðastofnunar sjá [hér](#).

### Framtíðarsýn 2028

Þingeyri er eftirsóknarverður staður til að búa á með fjölbreytt tækifæri til atvinnu og menningarlífs. Staður sem gott og gaman er að sækja heim. Þingeyri er áberandi snyrtilegt þorp í fallegu og tiltölulega víðlendu byggðarlagi í hjarta Vestfjarða. Umhverfisvitund og samkennd auðkennir samfélagið við Dýrafjörð, en einnig mikill sköpunarkraftur og fjölbreytt tækifæri til áhugamála. Íbúum hefur tekist að nýta sér nýjustu tækni til framfara og sóknar sem byggja á fjölbreytni. Þingeyri er fyrirmyndar útvörður í fjölkjarna sveitarfélagi þar sem sátt ríkir um þjónustu, svo og þátttöku og framlag íbúa til málefna sveitarfélagsins. Í Dýrafirði býr fólk sem kann að nýta orku fjallanna, er þakklátt og gerir sér grein fyrir eigin hamingju. Fólk er duglegt og er skynsamt hvað varðar jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

### Meginmarkmið

- Fjölskylduvænt samfélag
- Skapandi samfélag
- Umhverfisvæn útivistarparadís
- Framúrskarandi útvörður Ísafjarðarbæjar

### Um rýnihópaviðtal

Gert er ráð fyrir að rýnihópaviðtalið taki u.þ.b 40-45 mínútur. Fulltrúar Byggðastofnunar í verkefninu þau Helga Harðardóttir og Kristján Þ. Halldórsson munu leiða viðtalið og stýra umræðum. Mögulega verða áheyrnarfulltrúar úr röðum verkefnisstjórnar í rýnihópaviðtalinu. Gert er ráð fyrir að í hverjum rýnihópi verði u.þ.b. 6-8 þátttakendur. Að loknum rýnihópaviðtölum verða niðurstöður greindar eftir styrkleikum, sóknarfærum og þeim þáttum sem betur mega fara að mati þátttakenda. Leitast verður við að nýta niðurstöðurnar í framkvæmd verkefnisins á lokaárinu.

Hlökkum til að sjá þig!

Með góðum kveðjum, f.h. verkefnisstjórnar,

Helga Harðardóttir og Kristján Þ. Halldórsson starfsmenn Byggðastofnunar.